

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR


UFS EINKUNN **87 / A3**

| | | | |
|----------------|--------------|--------------|----------|
| A1-A3 | B1-B3 | C1-C3 | D |
| Framúrskarandi | Gott | Miðlungs | Slakt |


UFS NIÐURSTÖÐUR

| NIÐURSTÖÐUR | Vægi | Stig | Einkunn |
|--|-------|------|---------|
| Heildareinkunn | 100% | 87 | A3 |
| Umhverfisþættir | 40.5% | 93 | A2 |
| E.1 Visthagkvæmni | 19% | 93 | A2 |
| E.2 Umhverfisstjórnun | 18% | 94 | A2 |
| E.3 Vörur og þjónusta | 3.5% | 85 | B1 |
| Félagsþættir | 28.5% | 84 | B1 |
| S.1 Vinnumhverfi | 7% | 81 | B1 |
| S.2 Velferð starfsfólks og viðskiptaánægja | 18.5% | 86 | A3 |
| S.3 Vörur og þjónusta | 3% | 80 | B1 |
| Stjórnarþættir | 31% | 81 | B1 |
| G.1 Almennir stjórnarþættir | 10% | 75 | B2 |
| G.2 Starfshættir og aðfangakeðja | 21% | 84 | B1 |

UFS EINKUNN



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Orkuveita Reykjavíkur (OR) stendur sig afburða vel í UFS mati Reitunar líkt og síðustu ár. OR samstæðan er skipuð OR og fjórum dótturfélögum (Veitur, Ljósleiðarinn, Orka náttúrunnar og Carbfix) sem öll sinna mikilvægum hlutverkum fyrir íslenskt samfélag. Umhverfisumgjörð félagsins er góð og hefur félagið fengið vottun á umhverfisstjórnunarkerfið sitt samkvæmt ISO 14001 staðlinum. Þá hefur OR fengið losunarmarkmið sín byggð á vísindalegum grunni staðfest sem er jákvætt. Félagið hefur náð góðum árangri í að draga úr losun á framleidda einingu af rafmagni og jákvætt er að félagið fangar og bindur hluta af CO2 sem það losar frá Hellisheiðarvirkjun í berg með Carbfix tækninni. OR kolefnisbindur- og jafnar lítinn hluta af starfsemi sinni með vottuðum og óvottuðum kolefniseiningum. Árið 2021 uppfærði félagið fjármögnunarrámmann sinn á þann hátt að hann nái yfir allan efnahagsreikninginn og birtir áhrifaskýrslu með útlístan á því fjármagni. Vel er staðið að aðkomu og stýringu stjórnar og stjórnenda að loftslagslagstengdri áhættu hjá samstæðunni og er samstæðan einnig virk þegar kemur að fjárfestingum í loftslagsstengdum innviðum. Árið 2022 fjármagnaði OR samstæðan græn og loftslagsvæn verkefni fyrir um 19% af veltu samstæðunnar. Vöru- og þjónustuframbod samstæðunnar hefur jákvæð áhrif með margvíslegum hætti og ber þar helst að nefna framleiðslu og dreifingu á endurnýjanlegum orkugjöfum, uppbygging rafhleðslustöðva og förgun gróðurhúsalofttegunda í gegnum Carbfix.

Áherslur og umgjörð OR um mannaud er góð og er félagið með margvíslega ferla til að styðja við og auka vellíðan og ánægju starfsfólks. Heilt yfir mannaudsmálum til stuðning mælist starfsánægja góð. Heilsu- og öryggismál er áhættuþáttur fyrir félagið en umgjörð er til staðar til að lágmarka þá áhættu sem metin er virk og hefur félagið þar að auki fengið ISO45001 vottun á stjórnunarkerfi sitt. Félagið leggur áherslu á forvarnaaðgerðir til að draga úr mismunun og auka jafnrétti meðal starfsfólks og er fræðsludagskrá félagsins er virk og fjölbreytt. Góð fjölbreytni er í efra starfsmannalagi sem er jákvætt en heilt yfir eru karlkyns starfsfólk í miklum meirihluta. OR er í góðum tengslum við samfélagið með styrkjum og fræðslu og fylgist með afstöðu almennings til vörumerkis samstæðunnar. Félagið hefur birt síðareglur birgja og hafa innleitt þau ákvæði í útboðsgögn félagsins og gerir kröfur um að keðjuábyrgð meðal sinna birgja. OR lætur framkvæma birgjamöt á helstu birgjum með því að fá utanaðkomandi aðila til þess að taka út hluta af sínum birgjum. Stór áhættuþáttur hjá félaginu snýr að upplýsinga- og gagnaöryggi og persónuvernd þar sem þeir reka innviðþjónustu fyrir landið. Upplýsingaöryggiskerfi félagsins er vottað samkvæmt ISO27001 staðlinum. OR starfar undir stífu regluverki og er í eigu borgarinnar og sveitafélaga og því er alltaf utanaðkomandi áhætta vegna aukins regluverks og breytinga á regluverki sem gæti komið niður á sjálfbærniþáttum. Jákvætt er að málaflokkur um sjálfbærni tilheyrir beint undir forstjóra en nýr forstjóri tók við vorið 2023 sem mun leiða áfram sjálfbærniþætti samstæðunnar en metnaður hans fyrir sjálfbærnimálum hefur ekki komið í ljós enn. Upplýsingagjöf félagsins er framúrskarandi og heilt yfir vinnur OR markvisst að því að lágmarka sjálfbærniáhættu og nær framúrskarandi árangri á mörgum sviðum í þessu mati.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

OR er vel fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS mat hjá Reitun en þau eru um 40 talsins. Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 72 stig af 100 mögulegum, flokkur B2. OR er í flokki A3 með þremur öðrum rekstraraðilum.

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggja fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neindir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.